



# Þroski tveggja mánaða barns

### Grófhreyfingar

Hreyfingar eru eins báðum megin.

Lyftir höfði smástund á grúfu, veltir því af öðrum vanga yfir á hinn.

Heldur ekki höfði nema andartak þegar setið er með það.

Spriklar.

### Fínhreyfingar

Hnefar eru að mestu krepptir, en opnar lófana þess á milli.



### Samskipti

Fylgir eftir með augum og höfði nokkrar gráður.

Fylgist með hreyfingum þess sem annast það.

Brosir við andliti, hreyfir sig fjörlega.

Bregður við hávaða.

### Málþroski

Hjal verður tíðara og blæbrigðaríkara.

